



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 5. nóvember 2020

RMF19030006

3.1.0

Menningar- og ferðamálasvið - Skrifstofa menningarmála

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Framlenging á styrktarsamningum

Tillaga

Í ljósi þeirra áhrifa sem heimsfaraldurinn hefur haft á allt menningarstarf í borginni sem og auðvitað víðar er lagt til að þau sem fengu úthlutað úr menningarsjóði borgarinnar vegna verkefna á þessu ári, fái rýmra svigrúm til að láta verkefni verða að veruleika.

Því verði styrkhöfum boðið að framlengja samningi sínum við Reykjavíkurborg um eitt ár þar sem jafnframt verði heimilt að breyta útfærslu verkefna með hliðsjón af þeim takmörkunum sem heimsfaraldurinn setur okkur.

Að öðrum kosti verði að endurgreiða styrki en tekið verði tillit til útlagðs kostnaðar við undirbúning.

Greinargerð

Reykjavíkurborg auglýsti að venju haustið 2019 eftir umsóknum um styrki úr menningarsjóði borgarinnar. Eftir yfirferð faghóps samþykkti menningar- íþróttar – og tómstundaráð úthlutun 90 menningarstyrkja vegna verkefna á þessu ári. Upphæðin til verkefna nam samtals 47 mkr. og voru styrkveitingar á bilinu 50 þúsund kr. til 4,4 mkr.

Að venju voru formlegir samningar gerðir við hvern og einn og hafa flestöll þegar fengið styrkinn greiddann með fáeinum undantekningum.

Tekist hefur að fullvinna og framkvæma einstök verkefni en langflestum hefur þurft að fresta vegna samkomutakmarkana eins og nærri má geta.

Verkefni eru af fjölbreyttum toga og til mikils að vinna fyrir menningarlíf borgarinnar að af þeim geti orðið, þótt það náist ekki á umsömdum tíma.

Því er mælt með því að heimilt verði að framlengja samninga um eitt ár en sem fyrr er það í höndum skrifstofustjórar skrifstofu menningarmála á sviðinu að halda utan um samningana og sjá um eftirfylgni.

Arna Schram
sviðsstjóri